



Umhverfisstofnun
Áb. 9F, 3K, 8K
- 4. júlí 2013
8.6.2
2013/LS/20130300098

Reykjavík, 2. júlí 2013

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðar: Framkvæmdir við nýja olíubirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfissráðuneytisins dags 22. apríl 2013 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olíubirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olíudreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.

Leyfi

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun og var byggingarleyfi veitt þann 3. júní 2013.


Lóð

Burðarþolsmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmdu að beiðni Olíudreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina, þrátt fyrir að í samningi um lóðina hefði átt að skila henni byggingarhæfri þann 20. ágúst 2012.

Verkfræðistofan VSÓ gerði sigmælingar og tillögu um fergingu, sem byggt var á við ákvörðun um fergingu. Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ um framkvæmdina sem gerir ráð fyrir afhendingu lóðarinnar til framkvæmda 1. mars 2013.


Eftir að fargið kom á í lok nóvember voru framkvæmdar 6 sigmælingar, eins og sjást á meðfylgjandi línuriti.

Gáfu þær til kynna að sigi væri lokið.



Mynd 1: Sigmælingar á fergingu

Hins vegar kom í ljós við uppmælingu sem framkvæmd var, að fargið var ekki rétt staðsett á lóðinni, þannig að sá hluti lóðarinnar, sem staðsetja á hæstu geymana á, var ekki fullfergð, sjá Mynd 2.




Mynd 2: Snið í farg á Mávagarði

Búið er að færa fargið og framkvæma sigmælingar á þeim stöðum sem stærstu geymarnir í stöðinni eiga að standa.

Hins vegar tókst ekki betur til við færsluna en svo að fargið er 3 metrum of innarlega á garðinum.

Til að þurfa ekki að færa fargið enn og bíða enn lengur eftir sigi, hefur verið gert samkomulag við Ísafjarðarbæ um að stöðin í heild sinni verði færð sem nemur þessum 3 metrum hefur fengist heimild til að hafa áfylliplan stöðvarinnar utan byggingarreits.



Mynd 3: Sigmælingar eftir færslu á fargi

Eftir mælingar sem framkvæmdar voru 1.7.2013 er það mat Ísafjarðarbæjar að sigi sé lokið og verður fargið fjarlæggt í framhaldinu og yfirlýsing um að lóðin sé byggingarhæf gefin út. Er áætlað að fargið verði farið af lóðinni 15. júlí.

Framkvæmdir

Verið er að koma bryggjubrunni í þekju hafnarmannvirkja og leggja lagnir að stöðinni.

Verklegar framkvæmdir eru að öðru leyti ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en búíð er að fjarlægja fargið.

Búíð er að semja við jarðvegs- og steypuverktaka að undanegnu útboði, sem er tilbúinn að fara í verkið um leið og búíð er að fjarlægja fargið á lóðinni, en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu tekið 3 mánuði frá afhendingu byggingarhæfrar lóðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Óliudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi